



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Samantekt umsagna vegna umræðuskjals nr. 12/2014

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

1. Samtökum fjármálafyrirtækja
2. Viðlagatryggingu Íslands

Umsagnir aðila sem óska eftir trúnaði er ekki að finna í þessari samantekt. Umræðuskjal nr. 12/2014 varð að leiðbeinandi tilmælum nr. 5/2015 um stjórnarhætti váttryggingafélaga

Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
1.	Samtök fjármálafyrirtækja	Almenn athugasemd	<p>Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa fengið til umsagnar drög að leiðbeinandi tilmælum um stjórnarhætti váttryggingafélaga. SFF telja að almennt megi auka skýrleika og stytta texta tilmælanna.</p> <p>Í inngangi draga að leiðbeinandi tilmælum um stjórnarhætti váttryggingafélaga (hér eftir tilmælin) segir að þau byggi á undirbúningstilmælum EIOPA um heildstætt kerfi stjórnarháttanna (hér eftir undirbúningstilmælin). Tilgangur undirbúningstilmælanna frá EIOPA er að veita eftirlitaðilum leiðbeiningar um hvernig skuli haldið áfram í undirbúningsferli við innleiðingu á Solvency II. Framangreind undirbúningstilmæli fjalla um stjórnkerfi váttryggingafélaga og kröfur sem eru gerðar til þess samkvæmt Solvency. Tilmælin sem hér um ræðir fjalla hins vegar fyrst og fremst um stjórnarhætti váttryggingafélaga og virðast byggja á lögum um váttryggingastarfsemi, leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og handbók stjórnarmanna o.fl. Í apríl á þessu ári var gerð breyting á lögum um váttryggingastarfsemi, sbr. l. nr. 27/2014, þar sem m.a. bættist við ný málsgrein við 6. gr. laganna, þar sem segir að váttryggingafélögum ber að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Að mati SFF er ekki ástæða til þess að endurtaka sömu ákvæði og koma fram í lögum eða reglum í leiðbeinandi tilmælum. Sé það hins vegar vilji FME að setja leiðbeinandi tilmæli um stjórnarhætti til viðbótar við þær reglur sem þegar eru í gildi er það mat SFF að mikilvægt sé að þær séu aðskildar frá leiðbeiningum um stjórnkerfi váttryggingafélaga. Mögulega er betra að hafa ein tilmæli um allt er viðkemur stjórnkerfum og lykilstarfssviðum þ.e. áhættustýringu, starfssviði tryggingastærfræðings, innra eftirliti, regluvörslu og stjórn.</p> <p>SFF minna á að í athugasemdum við 1. gr. frumvarps að lögum nr. 11/2000 um breytingu á 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti gefið út sams konar leiðbeinandi reglur eða tilmæli og á Norðurlöndunum sem fyrir fram gefi til kynna viðhorf viðkomandi stofnunar til tiltekinna viðfangsefna, m.a. þeirra er tengjast skilgreiningum á eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum. Helsta gildi leiðbeinandi tilmæla er að útskýra nánar gildandi lög og reglur. Mikið af þeim texta sem er í drögnum eru endurtekning á því sem stendur nú þegar í lögum, reglum og eftir atvikum í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja útgefnum af Viðskiptaráði, NasdaqIMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Það að endurtaka ákvæði laga og reglna í tilmælunum er til þess fallið að auka á flækjustig þar sem erfitt er að greina atriði sem máli skipta í tilmælunum frá ákvæðum laga og reglna. Það er ekki til þess fallið að auka skýrleika. Auk þess er á nokkrum stöðum í drögnum gengið lengra en gert er í lögum, en leiðbeinandi tilmælum er ekki ætlað slíkt hlutverk eins og að framan greinir. Hættan við að endurskrifa sömu reglur á mismunandi stöðum er m.a. sú að ef lögum eða reglum er breytt getur skapast misræmi á milli gildandi reglna og tilmælanna ef þeim er ekki breytt samhliða. Eins og fyrr segir fjalla undirbúningstilmæli EIOPA um undirbúning fyrir innleiðingu á stjórnkerfi skv. Solvency II. Í drögin að leiðbeinandi tilmælum vantar að mati SFF leiðbeiningar frá Fjármálaeftirlitinu um það hvað váttryggingafélögin þurfi að gera á undirbúningstímabilinu, hvort Fjármálaeftirlitið telji að undirbúningstilmælin feli í sér miklar breytingar frá núgildandi reglum, hvað váttryggingafélögin þurfi að gera til að uppfylla þessi nýju skilyrði og hvernig FME muni hafa eftirlit með þessum þáttum. Sem dæmi má</p>

			<p>nefna að í leiðeiningum um beitingu undirbúningstilmæla EIOPA, sem Prudential Regulation Authority í Englandi gáfu út , er farið yfir hvern kafla fyrir sig í undirbúningstilmælunum. Þar er byrjað á að fjalla um hvað kemur fram í undirbúningstilmælunum frá EIOPA, hvort í því felist mikil breyting frá núgildandi reglum og/eða löggjöf, hvaða aðgerða váttryggingafélögin þurfi að grípa til og hvaða aðgerðum váttryggingafélög mega eiga von á frá eftirlitsaðilum. Samkvæmt inngangsorðum tilmælanna er markmið tilmælanna m.a. að stuðla að viðeigandi undirbúningi váttryggingafélaga fyrir gildistöku Solvency II. Það er hins vegar mat SFF að tilmælin skilja í raun eftir fleiri spurningar en þau svara og eru í raun til þess fallin að flækja það regluverk sem þegar er í gildi en ekki skýra nánar næstu skref sem váttryggingafélög ættu að taka við undirbúning fyrir Solvency II.</p> <p>Þá vilja SFF einnig minna á að mikilvægt er að hafa það í huga að í Solvency II tilskipuninni er gert ráð fyrir fullri samræmingu (e. complete harmonization). Er því er mikilvægt að ganga ekki lengra við innleiðingu tilskipunarinnar en hún kveður á um og hafa í huga að séríslenskar reglur geta ekki farið saman við tilskipun sem byggir á fullri samræmingu. Í 1 kafla tilmælanna segir að við innleiðingu þeirra skuli taka tillit til hlutfallsreglunnar. SFF leggja mikla áherslu á að við innleiðingu tilmælanna og við innleiðingu á Solvency II regluverkinu verði hlutfallsreglan ávallt höfð til hliðsjónar. Reglur tilmælanna hafa sérstaklega mikil áhrif á lítil váttryggingafélög og mikilvægt að áhersla sé lögð á að þau taki viðeigandi skref í samræmi við stærð þeirra við innleiðingu á reglunum.</p> <p>Athugasemdir við heiti tilmælanna og efnistöð í þeim</p> <p>Eins og áður getur kemur fram í inngangskafli tilmælanna að þau byggi „á undirbúningstilmælum frá EIOPA um heildstætt kerfi stjórnarháttanna (e. Guidelines on system of Governance).“ Í ljósi þessa er lagt til að heiti tilmælanna verði „leiðbeinandi tilmæli um stjórnkerfi váttryggingafélaga“ fremur en „leiðbeinandi tilmæli um stjórnarhætti váttryggingafélaga“. Þannig verða tilmælin einnig betur aðgreind frá því regluverki sem lýtur að viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja (e. Corporate Governance) sem íslenskum váttryggingafélögum ber að hlíta, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi, sbr. 2. gr. laga nr. 27/2014 um breytingu á þeim.</p> <p>Með því að váttryggingafélögum hér á landi er gert að hlíta viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja er þeim gert skylt, að ætla verður, að fara eftir leiðbeiningum sem Viðskiptaráð, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins hafa gefið út, nú síðast með 4. útgáfu í mars 2012. Það kann því að vera varhugavert, svo ekki sé dýpra tekið í árinna, að fjallað sé efnislega í leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins um þau atriði sem leiðbeiningar stjórnarhætti fyrirtækja ná til. SFF telja því rétt og nauðsynlegt við endurskoðun fyrirbyggjandi draga að leiðbeinandi tilmælum verði þess sérstaklega gætt að í tilmælunum verði ekki kveðið á um þau atriði sem þegar er mælt fyrir í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.</p>
--	--	--	--

2	Samtök fjármálafyrirtækja	1	Fyrirsögn 1. gr. er gildissvið. Í greininni er þó ekki fjallað um gildissvið tilmælanna heldur einungis vísað í lög um váttryggingastarfsemi og leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem váttryggingafélögum er skylt að fylgja samkvæmt lögnum.
3	Samtök fjármálafyrirtækja	2	Flest það sem kemur fram í hluta 2 í skjalinu er mjög almenns eðlis og er að finna í öðrum tilmælum. Sem dæmi má nefna að fjallað er um stefnur sem áhættustýring þarf að setja sér í tilmælum um áhættustýringu og starfssvið tryggingastærðfræðings. Eins og fyrr segir telja SFF mikilvægt að auka almennt skýrleika leiðbeinandi tilmæla og gera þau hnitmiðaðri. Óþarfi er að endurtaka sömu regluna í lögum og mismunandi stjórnvaldsfyrirmælum eins og t.d. í þessum tilfelli í lögum, leiðbeinandi tilmælum um áhættustýringu og svo leiðbeinandi tilmælum um stjórnarhætti. Það að hafa sömu regluna á fleiri en einum stað eykur líkurnar á misræmi og flóknara verði að framfylgja gildandi lögum og reglum.
4	Samtök fjármálafyrirtækja	2.3.	Í ákvæðinu eru talin upp fjögur lykilstarfssvið og segir að þau geti verið sérstakar deildir innan félagsins eða sinnt af einstaklingi innan félagsins. Af þessu má draga þá ályktun að ekki megi útvista þessum þáttum í starfseminni, og þar á meðal innri endurskoðun. Það virðist ekki samræmast Solvency II tilskipuninni, sbr. 49 .gr. tilskipunarinnar þar sem fjallað er um Útvistun.
5	Samtök fjármálafyrirtækja	2.5	Í ákvæðinu er talað um viðbragðsáætlun. Í tilmælin vantar hins vegar skilgreiningu á viðbragðsáætlun.
6	Samtök fjármálafyrirtækja	2.6.	Samkvæmt ákvæðinu gegnir framkvæmdastjórn mikilvægu hlutverki í að tryggja skilvirka stjórnarhætti. Ekki er ljóst hvað er átt við með framkvæmdastjórn. Í þeim tilvikum þar sem váttryggingafélag er hlutafélag er líklega átt við framkvæmdastjórn í skilningi 68. gr. l. nr. 2/1995, um hlutafélög. Á öðrum stöðum í skjalinu er ýmist talað um framkvæmdastjórn eða framkvæmdastjóra. Mikilvægt er að gæta samræmist hvað þetta varðar. Að mati SFF væri skýrara að tala um forstjóra og stjórnendur félagsins.
7	Samtök fjármálafyrirtækja	2.7.	Í ákvæðinu segir að stjórn beri ábyrgð á að viðeigandi aðskilnaði starfa til að draga úr áhættu á hagsmunaárekstrum. Almenna reglan er sú að stjórn á ekki að koma að daglegum rekstri fyrirtækisins og það er ekki í samræmi við þá reglu að stjórn skuli hafa afskipti af aðskilnaði starfa. SFF telja að hér sé líklega átt við störf lykilstarfsmanna og leggja til að þessu verði breytt. Í sama ákvæði segir að stjórn skuli setja sér stefnu um hagsmunaárekstra. Í undirbúningstilmælum EIOPA er einungis talað um stefnu vegna hagsmunaárekstra í grein 1.75 í tengslum við tryggingastærðfræðing félagsins. SFF telja að hér sé FME að gera strangari kröfur en undirbúningstilmæli EIOPA gera kröfu um. Í þessu samhengi vilja SFF minna á að um er að ræða fulla samræmingu tilmælanna og mikilvægt að ekki sé gengið lengra við innleiðingu en tilmælin segja til um.

8	Samtök fjármálafyrirtækja	2.8.	Í greininni er gerð krafa um að váttryggingafélög setji sér stefnu um stjórnarhætti. Í undirbúningstilmælum EIOPA er ekki gerð krafa um að váttryggingafélög setji sér stefnu um stjórnarhætti og SFF geta ekki séð að Solvency II geri kröfu um að váttryggingafélög setji sér slíka stefnu. Í þessu samhengi vilja SFF aftur minna á að mikilvægt er að gæta samræmis við SII tilskipunina og ekki setja inn séríslenskar reglur. Þá ber þess að gæta að váttryggingafélögum ber skv. 3. mgr. 6. gr. laganna um váttryggingastarfsemi m.a. að birta árlega yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í sérstökum kafla í ársreikningi eða ársskýrslu og gera grein fyrir stjórnarháttum sínum á vefsíðu þess. Verður ekki séð hvornig reglur gr. 2.8 í drögum samrýmast þeim kvöðum sem einnig eru lagðar á félögin skv. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 56/2010 og hér hefur verið gerð grein fyrir. SFF leggja því til að þessu ákvæði verði sleppt.
9	Samtök fjármálafyrirtækja	2.9.	Í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja í kafla 2.1. segir að stjórn skuli tryggja skýrar skilgreiningar og skiptingu ábyrgðar á rekstri, framfylgni stefnu og markmiðum félagsins innan allra eininga þess. Þetta er efnislega sama regla og grein 2.9 í skjalinu. SFF telja afar óheppilegt að endursegja það sem kemur fram í öðrum lögum, tilmælum eða reglum. Váttryggingafélögum ber skv. 3. mgr. 6. gr. I. um váttryggingastarfsemi að fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Leiðbeiningarnar taka reglulega breytingum og því óheppilegt að taka ákvæði þeirra upp í leiðbeinandi tilmæli. Þegar leiðbeiningunum er breytt getur komið upp misræmi á milli þess sem þar kemur fram og þess sem segir í leiðbeinandi tilmælum FME. Auk þess sem það er ekki til þess að auka skýrleika regnanna að endursegja þær á mismunandi stöðum og getur leitt til þess að erfiðara er að fylgja reglunum.
10	Samtök fjármálafyrirtækja	2.11.	Í greininni er stjórn skylt að taka tillit til upplýsinga frá áhættustýringu við ákvarðanatöku. SFF benda á að varla getur það átt við allar ákvarðanir stjórnar heldur einungis þær sem hafa tengingu við áhættustýringarsjónarmið. SFF leggja til eftirfarandi breytingu á ákvæðinu: Stjórn skal gæta þess að mikilvægar ákvarðanir séu skjalfestar á viðeigandi hátt í fundargerð og þar komi fram með hvaða hætti tekið var tillit til sjónarmiða áhættustýringar við ákvarðanatöku þegar við á.
11	Samtök fjármálafyrirtækja	2.12	Samkvæmt greininni skal tryggja aðkomu a.m.k. tveggja aðila áður en mikilsháttar ákvarðanir koma til framkvæmda. Óljóst er hvaða aðila er átt við hér. Er átt við stjórnareiningar innan váttryggingafélaga eða einstaklinga? Þá vantar einnig skilgreiningu á hvað telst mikilsháttar ákvörðun.
12	Samtök fjármálafyrirtækja	3	Mikið af því sem fram kemur í kafla 3 er einnig að finna í lögum um váttryggingastarfsemi eða leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. SFF ítreka það sem áður hefur komið fram um endurtekningu á því sem fram kemur í öðrum lögum eða reglum.

13	Samtök fjármálafyrirtækja	3.1. -3.3.	<p>Greinin segir að váttryggingafélag skuli sjá til þess að stjórn, framkvæmdastjórn og aðrir sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum félagsins uppfylli eftirfarandi hæfisskilyrði. Óljóst er hver er váttryggingafélagið í þessum skilningi. Er átt við stjórn félagsins og forstjóra ?</p> <p>Í 6. og 7. mgr. 54. gr. I. um váttryggingastarfsemi er að finna sambærilegt ákvæði og grein 3.1. að því undanskildu að það nær til stjórnar og framkvæmdastjóra en ákvæði í 3 hluta tilmællanna einnig eftir atvikum til lykilstarfsmanna. Leiðbeinandi tilmæli eru til þess að skýra nánar gildandi lög en ekki gera strangari kröfur eða bæti við gildandi lög, því telja SFF að lykilstarfsmenn eigi ekki að falla hér undir. Auk þess telja SFF óþarft að endurtaka það sem stendur í lögnum.</p>
14	Samtök fjármálafyrirtækja	3.4.	<p>Hér er að finna viðbótarkröfur á hæfi stjórnarmanna og er að mati SFF ekki tekið nægilegt tillit til stærðar íslenska tryggingamarkaðarins. Samkvæmt greininni skal sameiginleg þekking stjórnar ná til fjárhagslegrar og tryggingafræðilegrar greiningar. Hér þarf að hafa hlutfallsregluna til hliðsjónar og huga að því að erfitt er fyrir íslenska markaðinn að tryggja að tryggingastærðfræðingur starfi í hverri stjórn.</p>
15	Samtök fjármálafyrirtækja	3.5.	<p>Greinin felur í sér endurtekningu á því sem kemur fram í 9. mgr. 54. gr. I. um váttryggingastarfsemi og köflum 2.4. og 2.5. í leiðbeiningum um stjórnarhætti.</p>
16	Samtök fjármálafyrirtækja	3.6.	<p>Hér er að finna sömu reglu og í 1. ml. 8. mgr. 54. gr. I. um váttryggingastarfsemi.</p>
17	Samtök fjármálafyrirtækja	3.7.	<p>1. málsliður greinar 3.7. hefur að geyma sömu reglu og í 1. ml. 1. mgr. 70 .gr. hlutafélagalaga. 2 málsliður greinarinnar er sama regla og 10. mgr. 54. gr. I. um váttryggingastarfsemi.</p>
18	Samtök fjármálafyrirtækja	3.8.	<p>Samkvæmt greininni skal tryggja að öll lykilstarfssvið séu óháð viðskiptaeiningum. Í tilmælin vantar þó skilgreiningu á hvað telst viðskiptaeining.</p>

19	Samtök fjármálafyrirtækja	4	Í kaflanum er nánast eingöngu að finna endurtekningar úr leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Reglurnar eru ekki skýrðar nánar frá því sem er í leiðbeiningunum. SFF vilja ítreka það sem áður segir að reglum um stjórnarhætti er reglulega breytt og því óheppilegt að taka upp reglur sem sæta reglulega endurskoðun og er það til þess fallið að valda flækjum í framkvæmd, sérstaklega ef reglunum er breytt en eftir standa óbreytt leiðbeinandi tilmæli sem byggja að stórum hluta á reglunum.
20	Samtök fjármálafyrirtækja	4.1.	Hér er að finna sömu reglu í 3. mgr. 68. gr. I. um hlutafélög.
21	Samtök fjármálafyrirtækja	4.2.	Í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja kemur fram í kafla 2.1. að stjórn skuli hafa forystu um að móta stefnu, setja markmið og áhættuviðmið félagsins. Þar segir einnig að stjórn skuli koma á virku innra eftirliti. Hér er því að um ræða sömu kröfur.
22	Samtök fjármálafyrirtækja	4.3.	Í greininni segir að samþykktir váttryggingafélaga skuli kveða á um verkaskiptingu stjórnar og framkvæmdastjóra. Þetta er breyting frá núverandi fyrirkomulagi þar sem valdheimildir framkvæmdastjórar skuli koma fram í starfsreglum stjórnar. Núverandi fyrirkomulag er byggt á leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, sbr. kafla 2.8. SFF telja óþarft að kveða á um verkaskiptingu stjórnar og framkvæmdastjóra bæði í samþykktum váttryggingafélagsins og starfsreglum stjórnar. Í 2. málslið greinarinnar segir að stjórn skuli hafa skilvirkt eftirlit með að framkvæmdastjórn félagsins starfi eftir lögum og reglum. Í kafla 2.1. í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja segir að stjórn beri endanlega ábyrgð á starfsemi og rekstri félagsins og skuli því veita stjórnendum eðlilegt aðhald. Þá segir í 3. másl. 1. mgr. 54. gr. I. um váttryggingastarfsemi að stjórn hafi eftirlit með því að starfsemi félagsins fari að lögum og samþykktum. Greinin felur því ekki í sér neina viðbót frá gildandi reglum heldur einungis endurtekningu eða umorðun á reglum sem eru nú þegar í gildi.
23	Samtök fjármálafyrirtækja	4.4.	Hér eru sömu kröfur og er að finna í kafla 2.7. í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.
24	Samtök fjármálafyrirtækja	4.6	Hér er að finna sambærilega reglu og í kafla 5.2. í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Hér vantar einnig skilgreiningu á hugtakinu „stjórnendur“.
25	Samtök fjármálafyrirtækja	4.8.	Í greininni er fjallað um umfang og tíðni innri úttekta. Ekki er ljóst við hvaða úttektir er átt við.

26	Samtök fjármálafyrirtækja	4.9.	Samkvæmt greininni hefur váttryggingafélagið ákveðnum skyldum að gegna gagnvart stjórn félagsins. Óljóst er hver er váttryggingafélagið í þessu tilfalli. Er hér átt við framkvæmdastjóra félagsins eða einhvern annan ?
27	Samtök fjármálafyrirtækja	4.11.	Í 15. mgr. 64 gr. laga um váttryggingastarfsemi segir að stjórn og framkvæmdastjóri skuli án tafar gera Fjármálaeftirlitinu viðvart um málefni sem geta haft verulega þýðingu fyrir áframhaldandi starfsemi félagsins. Grein 4.11. segir hins vegar að gera skuli Fjármálaeftirlitinu viðvart hafi stjórn eða framkvæmdastjórn vitneskju um málefni sem geta haft áhrif á áframhaldandi starfsemi félagsins. Í tilmælunum eru því gerðar strangari kröfur en gert er í lögnum.
28	Samtök fjármálafyrirtækja	4.12	Hér er að finna efnislega sömu reglu og í kafla 2.8. í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.
29	Samtök fjármálafyrirtækja	5	Í kaflanum er nær eingöngu að finna endurtekningu á því sem þegar kemur fram í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og handbók stjórnarmanna. Ekki er að finna neinar nánari útfærslur eða útskýringar frá gildandi reglum.
30	Samtök fjármálafyrirtækja	5.1	Hér er að finna sömu reglu og í köflum 2.1. og 2.8. í reglum um stjórnarhætti fyrirtækja.
31	Samtök fjármálafyrirtækja	5.2.	Hér er að finna sömu reglu og í kafla 4 í reglum um stjórnarhætti fyrirtækja
32	Samtök fjármálafyrirtækja	5.3.	Hér er að finna sömu reglu og í kafla 2.12. í reglum um stjórnarhætti fyrirtækja
33	Samtök fjármálafyrirtækja	6	Kaflinn er að stórum hluta til endurtekning á því sem þegar kemur fram í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Hér eru þó atriði þar sem hafa þarf hlutfallsregluna sérstaklega í huga. Þær undirnefndir sem eru nefndar sem dæmi svo sem lánanefnd, stefnumótunarnefnd, áhættunefnd o.fl. eru ekki í samræmi við stærð og fjárhagslega burði lítilla váttryggingafélaga. Að mati SFF er mikilvægt við framkvæmd reglnanna að tekið verði nægilegt tillit til stærðar váttryggingafélaga við framfylgni á reglunum.

34	Samtök fjármálafyrirtækja	6.1.	Hér er að finna sömu reglu og í köflum 5.1 og 5.2. í reglum um stjórnarhætti fyrirtækja.
35	Samtök fjármálafyrirtækja	6.2.	Hér er að finna sömu reglu og í kafla 5.1. í reglum um stjórnarhætti fyrirtækja, þar segir að stofnun undirnefndar dragi ekki úr ábyrgð stjórnar.
36	Samtök fjármálafyrirtækja	6.3.	Þetta ákvæði virðist vera endurtekning á því sem segir í 6.1. og 6.2.
37	Samtök fjármálafyrirtækja	7.1.	Hér er að finna sömu reglu og í 1. másl. kafla 2.7. í reglum um stjórnarhætti fyrirtækja.
38	Samtök fjármálafyrirtækja	7.7.	Í ákvæðinu segir að váttryggingafélagið eigi að setja sér ferla. Ekki er ljóst hver er váttryggingafélagið í þessu tilfelli. Er hér átt við stjórn félagsins ?
39	Samtök fjármálafyrirtækja	7.8	Hér eins og í grein 7.7. er vísað til þess að váttryggingafélaginu beri að framkvæma eitthvað.
Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
40	Viðlagatrygging	2	Viðlagatrygging ítrekar það sem áður hefur komið fram varðandi afstöðu stofnunarinnar til þess hlutverks sem tryggingarstærðfræðingi er ætlað í leiðbeinandi tilmælum FME um váttryggingarfélög. Ekki eru forsendur til ráðningar tryggingarstærðfræðings til stofnunarinnar eins og fram er komið.
41	Viðlagatrygging	3.6.	Viðlagatrygging telur ákvæðið geta staðið í vegi fyrir því að hæft fólk fái til stjórnarsetu í váttryggingarfélagi sökum of mikilla takamarkana sem felast í ákvæðinu. Æskilegt að orðalagið verði mildað til þess að koma í veg fyrir að ákvæðið skaði hagsmuni Viðlagatryggingar, sökum þess að aðilar muni ekki gefa kost á sér til stjórnarsetu.